

**Nd.**

**513. Nefndarálit**

**[158. mál]**

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. nefndarinnar, fulltrúar þeirra flokka sem lögðu fyrst þetta gjald á með lögum nr. 112/1978, vilja samþykkja frv. Við undirritaðir vorum andvígir þessari sérstöku skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þegar það var fyrst á lagt og því síður teljum við réttlætanlegt nú að endurnýja enn þá einu sinni þennan dæmigerða vinstristjórnarskatt eftir allar þær viðbótarálögur, sem atvinnureksturinn í landinu hefur mátt þola frá valdatöku vinstri stjórnarinnar á haustdögum 1978. Því leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. mars 1981.

Matthías Bjarnason,  
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.